



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Kennsluáætlun

Haustönn 2016

AFRE2NÆ05

Næring íþróttafólks

Kennarar: Ásdís Björg Ingvarsdóttir (ABI).

Áfangalýsing:

Viðfangsefni áfangans er næring íþróttafólks og mikilvægi rétrar næringar, m.a. hvað á að borða og hvenær á að borða, til að ná hámarksárangri í sinni grein.

Það er farið yfir ráðleggingar Landlæknisembættis varðandi rétt mataræði. Fjallað um hver orkuþörf okkar er miðað við líkamsbyggingu og daglega hreyfingu. Það er farið nokkuð ítarlega í orkuefni kolvetni, fitu og prótein með þarfir íþróttafólks í huga. Skoðað er hlutverk og mikilvægi vítamína og steinefna í fæðunni og hversu mikilvægt er að vökvajafnvægi líkamans sé rétt. Fjallað verður um fæðubótarefni, hvaða næringarefni það eru sem verið er að sækjast eftir og hvenær er þörf á að borða fæðubótarefni eins og amínósýrur og kreatín. Einnig eru fæðubótarefni skoðuð með hliðsjón af ólöglegri lyfjanotkun. Farið er yfir hvað er átröskun og hvernig átraskanir koma fram í íþróttum.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Hvað fellst í því að velja rétt mataræði með tilliti til næringarinnihalds.
- Hver orkuþörf okkar er yfir daginn með hliðsjón af æfingarálagi og hvernig hægt er að mæta henni á sem bestan hátt.
- Hvað er fæðubótarefni og hvenær er þörf á að neita fæðubótarefna.
- Hvað er átröskun, hvernig kemur átröskun fram í heimi íþróttanna og hvað ber að varast.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Að skoða og meta mataræði sitt þannig að hann geti gert jákvæðar úrbætur.
- Að skoða og meta næringarinnihald matvæla þannig að hann geti valið réttasta kostinn.
- Að skoða og meta matarframboð í hans nánasta umhverfi þannig að hann geti valið réttasta kostinn.

Hæfniviðmið:

Að þessum áfanga loknum skal nemandi geta nýtt sér þekkingu sína til að velja rétt mataræði og stuðla þannig að betri heilsu og líðan, ásamt því að ná sem bestum árangri í sinni íþrótt. Hann skal hafa þekkingu til að geta metið hvað sé honum fyrir bestu hvað

varðar mataræði og velja úr því fæðuframboði sem er á boðstólnum með gagnrýnum huga.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

Allt kennsluefni kemur frá kennara.

Verkefnaskil:

1. Matardagbók
2. Minni verkefni
3. Tímapróf

Námsmat:

1. Matardagbók	20%
2. Frumkvæði og virkni	15%
3. Tímapróf	30%
4. Önnur verkefni	35%

Sérreglur áfangans:

Nemendur þurfa að standast verkefnaskil og vinnueinkunn. Áfanginn byggir mikið á verkefnavinnu og því mikilvægt að mæta í tíma og vera með tölvu í öllum tímum.

Kynnið ykkur vel skólasóknarreglur!!!

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ OG KENNSLU Á ÖNNINNI

Ráðleggingar landlæknis varðandi rétt mataræði

- Hitaeiningar
- Fita
- Kolvetni
- Prótein
- Aðrar ráðleggingar

Næring íþróttafólks

- Orkuþörf íþróttamannsins og milli mismunandi íþróttagreina
- Hvað á að borða og hvenær á að borða

Vítamín – Steinefni – Vökvajafnvægi

- D-vítamín
- C-vítamín
- Kalk
- Kalíum

- Kalsíum
- Járn

Ofþjálfun
Fæðubótarefni
Átraskanir

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.